

Fundur í
mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 12. mars 2008 kl.: 20:00.

Fundarstafður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5a.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Ingvar Samúelsson, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir, Steinunn Rasmus, Guðrún Guðmundsdóttir, Björg Karlsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Dagskrá:

1. Leikskólinn Hólabær, nauðsynlegar framkvæmdir 2008.
Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að strax verði hugað að framtíðarlausn fyrir leiksólann þar sem núverandi húsnæði uppfyllir engan vegin þær kröfur sem nú eru gerðar til leikskólahúsnæðis.

Eygló Kristjánsdóttir vék af fundi og Guðrún Guðmundsdóttir kom inn á fundinn.

2. Tónlistarkennsla.
Nefndin skorar á hreppsnefnd að komið verði á tónlistarkennslu á Reykhólum næsta haust.

Guðrún Guðmundsdóttir vék af fundi og Eygló Kristjánsdóttir kom inn.

3. Önnur mál
Bókasafnið. Ásta Sjöfn tjáði sig um plássleysið á bókasafninu og benti á að húsnæðið er alltof lítið þar sem stór hluti þess er geymdur í kössum.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 22:00

Gústaf Jökull Ólafsson (sign), Ingvar Samúelsson (sign), Jóhanna Þorsteinsdóttir (sign), Eygló Kristjánsdóttir (sign), Steinunn Rasmus (sign), Guðrún Guðmundsdóttir, Björg Karlsdóttir (sign), Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign) Óskar Steingrímsson (sign).